

GUÐMUNDA KRISTINSDÓTTIR

NÝJAR ÁSKORANIR – NÝ TÆKIFÆRI



Guðmunda Kristinsdóttir

Á undanförunum misserum hefur verið mikil gerjun í umræðu um hugmyndafræði og tilhögun náms bæði hér á landi og í alþjóðlegu samhengi. Flestar þjóðir í Evrópu hafa tekið upp tengingu við evrópska viðmiðarammann fyrir ævinám (e. European Qualification Framework for lifelong learning, EQF) og í mörgum löndum innan og utan Evrópu er unnið að nýjum eða endurbættum viðmiðum heimavið (e. National Qualification Framework, NQF).

Hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er í þróun viðmiðarammi um íslenska menntun (IS-NQF) fyrir öll skólastig og hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið ákveðið að laga námstilboð í framhaldsfræðslu að þessari nýju hugsun. Í því felst að skilgreina á hvaða þrepi námslok eru samkvæmt rammanum, að lýsa námsmarkmiðum sem lærdómi (e. learning outcome) og að taka tillit til lykilhæfnipátta sem bæði hafa verið skilgreindir innan Evrópusambandsins og hér á landi. Þessar breytingar kalla á að vinnubrögð og framsetning námskráa verði endurskoðuð enda má vel segja að tímabært sé að líta yfir farinn veg, læra af reynslunni og gera enn betur. Á sama tíma er mikilvægt að missa ekki sjónar á þeirri sérstöðu sem nám Fræðslumiðstöðvarinnar hefur, þ.e. að þjóna atvinnulífinu og markhópi Fræðslumiðstöðvarinnar sem best og beita þeim aðferðum sem árangursríkastar þykja í menntun fullorðinna.

Þar sem vinnu við íslenskan viðmiðaramma er ekki lokið, verður hér fyrst og fremst vísað í þann evrópska en skýr tenging mun verða milli þessara tveggja kerfa þegar þar að kemur.

VIÐMIÐARAMMI FYRIR ÆVINÁM

Evrópski viðmiðaramminn tengir saman ólík menntakerfi þjóða og auðveldar samanburð á skilgreindum námslokum. Í EQF eru sett fram mælanleg viðmið um lærdóm (e. learning outcome) í átta þrepum, sem lýsa stíganda í þekkingu, leikni og færni/hæfni. Áður hefur verið fjallað um EQF í Gátt og lesa má um íslenska viðmiðaramman á www.nymenntastefna.is.

Sú áhersla sem lögð er á lærdóm eða afrakstur náms í EQF felur í sér að sjónarhornið er fært frá þeim sem veitir fræðsluna, þ.e. hvar, hvað og hvernig er kennt, á það hvað námsmaðurinn veit og getur að námi loknu. Með þessu móti mun tungutak menntastofnana líkjast tungutaki atvinnulífsins en vinnuveitendur vilja fyrst og fremst vita hvað starfsmaður er fær um en ekki bara hvað hann hefur heyrt eða séð. Með notkun lærdóm sviðmiða er jafnframt auðveldara að meta raunfærni en það er ein af grunnhugmyndum EQF að ekki skipti máli hvar eða hvernig þekkingar, leikni og færni er aflað. Með því að leggja áhersluna á lærdóm, þrepaskiptingu náms og gagnsæi, er hagsmunaaðilum gert auðveldara að bera saman þarfir atvinnulífsins og framboð á námi.

Samkvæmt ákvörðun menntamálayfirvalda munu námskrár í almenna skólakerfinu í framtíðinni verða skrifaðar samkvæmt forskrift sem byggð er á viðmiðarammanum sem hér hefur verið lýst. Hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur frumkvæði verið tekið að sambærilegum vinnubrögðum við að greina fræðsluþarfir og lýsa námstilboðum. Þannig er hagsmunum markhópsins best borgið því á þann hátt opnast einstaklingunum í markhópnum fleiri dyr, jafnt í atvinnulífi sem í námi, innan lands og utan.

NÝ LÖG UM FRAMHALDSFRÆÐSLU

Í nýjum lögum um framhaldsfræðslu, sem tóku gildi 1. október síðastliðinn, er settur rammi um starfsemi þá sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sinnir. Lögin fjalla um nám, ráðgjöf og önnur úrræði fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu sem ekki fellur undir lög um framhaldsskóla eða háskóla. Markmið laganna er að veita þeim einstaklingum sem þau taka til viðeigandi námstækifæri, aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu og færi á að efla starfshæfni sína.

Í öðrum kafla laganna sem fjallar um skipan og tilhögun framhaldsfræðslu er meðal annars sagt:

„Leitast skal við að skipuleggja framhaldsfræðslu þannig að hún geti fallið að öðru námi og að hægt sé að meta nám sem skilgreint er sem framhaldsfræðsla til eininga innan hins almenna skólakerfis. Heimilt er ráðherra að

setja sérstakar reglur um flokkun og þrepaskiptingu framhaldsfræðslu í samræmi við hæfni og lokamarkmið hennar.”

Í þessum kafla laganna endurspeglast það nýja umhverfi og viðhorf sem nú einkennir umræðu um nám. Þarna er vísað til þrepaskiptingar náms með viðmiðarammann í huga og hvatt til þess að nám framhaldsfræðslunnar sé metið innan hins almenna skólakerfis.

TILRAUNAVERKEFNI Í FERÐAÞJÓNUSTU

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur ásamt fagráði í ferðaþjónustu ráðist í tilraunaverkefni sem felst í að skipuleggja heildstætt nám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa við ferðaþjónustu en hafa ekki lokið framhaldsskóla. Hér er um umfangsmikið og metnaðarfullt verkefni að ræða sem kallar á samstarf margra aðila og er liður í fyrrgreindum umbreytingum.

Afurd verkefnisins verður lýsing á námi þar sem námslok eru skilgreind á þrep samkvæmt viðmiðarammanum með upplýsingum um mögulegar námsleiðir í kjölfarið, bæði innan framhaldsfræðslunnar sem og í almenna skólakerfinu.

Vinnan hefst með greiningu á störfum og lýsingum á færnikröfum sem síðan verða umorðaðar sem lærdómsviðmið og settar á viðeigandi þrep. Við námshönnunina verður bæði notað efni úr þeim námsskrám sem Fræðslumiðstöðin hefur þegar gefið út en einnig má gera ráð fyrir að til verði nýjar námseiningar. Ekki síst verða prófaðar nýjar leiðir í framsetningu og samsetningu á námsskrám. Gagnsæi og sveigjanleiki verða höfð að leiðarljósi sem gerir til dæmis staðbundnar áherslur í námi mögulegar.

Lærdómnum af þessu verkefni er ætlað að skila nýjum hugmyndum sem nýtast munu í öðrum starfsgreinum og þegar til lengri tíma er litið skila samfélaginu, vinnuveitendum og markhópi Fræðslumiðstöðvarinnar sterku framhaldsfræðslukerfi.



Erindi flutt á ráðstefnu Leiknar í apríl 2010.

HVER ERU TÆKIFÆRIN?

Hugmyndafræði EQF byggir á að notuð séu sömu viðmið óháð uppruna lærdóms og er það tvímælaust til hagsbóta fyrir markhóp Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ef sú hugmyndafræði nær að skjóta rótum í öllu menntakerfinu. Í því felast tækifæri til að auðvelda flæði milli fræðslukerfa og til að meta hæfni óháð því hvar og hvernig hennar er aflað. Með sameiginlegu tungutaki þrepaskiptingar og gagnsærra lærdómsviðmiða eru atvinnulífið og menntastofnanir færð nær hvort öðru. Með því að leggja áherslu á lykilhæfni er sjónum beint að mikilvægi persónulegrar færniuppbyggingar sem forsendu fyrir þátttöku í atvinnulífinu og samfélaginu.

En þrepaskipt nám verður ekki innleitt á einni nóttu. Mikil vinna er framundan og það tekur tíma að tileinka sér nýjan hugsanahátt og tungutak – bæði fyrir fagfólk, námsmenn og atvinnulífið. Áskorunin er mikil og ekki má missa sjónar á því sem vel er gert í dag.

UM HÖFUNDINN

Guðmunda Kristinsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og sinnir verkefnum sem snúa að námstilboðum, gæðamálum og kennslufræði fullorðinna. Hún lauk meistarágráðu í kennslufræðum frá Oxford Brookes háskólanum í Englandi, stundaði nám í sálfræði við Háskóla Íslands og í kerfisfræði við EDB-skólann í Óðinsvéum, Danmörku. Guðmunda hefur 17 ára reynslu af fræðslumálum fullorðinna í atvinnulífinu.

ABSTRACT

For the last few years there has been an creative discussion on the ideology and organisation of education both here in Iceland and abroad. Most European countries have linked their education systems to the European Qualification Framework for lifelong learning (EQF), and in various countries in and outsidess Europe new and improved national frameworks (National Qualification Framework, NQF) are under development.